

Raddir nemenda

Í stuðningshópnum (dyslexía/lesblinda) NÁM 193 er mikið rætt um námið.

Ýmislegt kemur fram sem við höfum ef til vill ekki leitt hugann að. Eftirfarandi atriði komu fram í einum tímanum og snerta flest alla nemendur.

1. Á námsáætlunum eru oft gefnar upp dagsetningar vegna hlutaprófa sem síðan ekki standast. Hvers vegna eru kennarar að gefa upp dagsetningar sem ekki er hægt að standa við? Af hverju stendur ekki frekar t.d. próf verður í lok hvers kafla? Það er erfitt að skipuleggja sig fram í tímann út frá námsáætlunum ef dagsetningar eru orðin tóm.
2. Hvers vegna eru verkefnavikur ekki lengur í gildi, þar sem hvert fag átti ákveðna verkefnaviku. Á önninni er álag mjög misjafnt t.d. var mikið álag er á mörgum sumar vikur. Einn nemandi var t.d. í 3 prófum á mánudegi, annar í 4 prófum á þriðjudegi, þriðji í 5 prófum/verkefnum eina vikuna o.frv.
3. Stundum er verið að prófa úr kjörbók og er sagt að aðallega sé að kanna hvort nemandi hafi lesið bókina samt er verið að spyrja um ýmiss konar smáatriði sem koma skilningi ekkert við. Nemendur spyrja hvert sé markmiðið með smáatriðaspurningum?
4. Mikil umræða var um krossapróf og sýndist sitt hverjum. Mörgum lesblindum finnst gott að taka krossapróf en ekki sanngjarnt þegar valmöguleikar standa t.d. um tvö orð og eini munurinn er að annað orðið er með á en hitt é.
5. Í tungumálaprófum er stundum texti á einni blaðsíðu og síðan spurningar úr textanum á baksíðu. Nemendur þurfa að fletta blaðinu fram og aftur til að svara spurningum og týna þá hvar þeir voru í textanum. Það er einnig mikil truflun (hávaði) þegar allir eru að snúa við blaðinu sí og æ, og oft er erfitt að hlusta jafnframt á upplestur (fyrir alla) af snældu/geisladiski. Nemendur spyrja hvort ekki sé hægt að hafa spurningarnar á öðru blaði?
6. Lengri próftími í prófum sem gilda á lokaprófi er vandamál hjá mörgum. Kennarar hafa 50 mínútur til umræða. Það er spurning hvernig eigi að taka

á þessum vanda. Er t.d. hægt að taka tilliti til nemanda sem sýnilega hefur verið að vinna allan tímann (líka hugsa) en ekki náð að ljúka prófinu?

7. Það kemur einnig fyrir að kennari frestar skyndilega prófi sem nemandinn er þá búinn að eyða heilli helgi að undirbúa sig undir.
(Við leggjum áherslu á að dyslexíu-nemendur undirbúi sig tímanlega og merki inn á dagbók hvenær próf og verkefnaskil eru. Það þýðir samt ekki fyrir lesblinda nemendur að lesa bók/kafla löngu fyrir próf).
8. Lesblindir nemendur lesa ætíð verr undir álagi. Nýnemar er oft sérstaklega viðkvæmir fyrir jafnöldrum sínum, þannig að ef nemandinn þarf að lesa upphátt í kennslustund verður frammistaða verri en ef lesið er fyrir kennarann einan. Upplesturinn getur verið þeim mikill fjötur um fót sérstaklega meðan nemendur eru að vinna í sínum málum. Æskilegt er að hlífa þeim að minnsta kosti fyrstu annirnar og það gera margir kennarar, sérstaklega ef nemendur biðja um það.

Að lokum viljum við minna á að arial letur og 1 og ½ línubil getur skipt miklu máli fyrir aukinn lesskilning nemenda. Það er öllum til þæginda að það "lofti" vel um textann, fæstum þykir auðvelt að lesa smátt, samanþjappað letur. Skáletur og undirstrikanir trufla oft lesblinda nemendur þá er feitletrun betra.